



DET KONGELIGE
KLIMA- OG MILJØDEPARTEMENT

Statsråden

Ineqi Kielsen, Irene Johansen, Karin Gaardsted,
Knut Storberget, Suzanne Svensson
Nordisk Råd
Ved Stranden 18
1061 København

Tilvísun ykkar

Tilvísun okkar
17/49-

Dagsetning:
6. febrúar 2017

Svar við skriflegri fyrirspurn E 32/2016 um losun örplasts frá dekkjaúrgangi og málningu

Umhverfislegar áskoranir tengdar örplasti eru ofarlega á dagskrá á öllum Norðurlöndunum auk þess að vera mikilvægur málaflokkur í norrænu samstarfi. Meðal annars hafa verið unnar fjölmargar rannsóknarskýrslur um örplast á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Útbreiðsla örplasts er alvarlegt umhverfisvandamál og ár hvert berst mikið magn örplasts í umhverfi sjávar frá mörgum ólíkum upptökum losunar. Okkur skortir enn þekkingu á bæði útbreiðslu örplasts og áhrifum örplasts. Samt vitum við að örplastið berst í fæðukeðjuna í hafinu og að örplast getur innihaldið umhverfiseitur og þar með stuðlað að útbreiðslu þessara eiturefna. Losun örplasts fer vaxandi og það ríkir víðtæk samstaða um að nauðsynlegt er að grípa til aðgerða til að draga úr losuninni bæði á heimsvísu og í hverju landi fyrir sig.

Í Noregi höfum við á liðnum árum öðlast aukna þekkingu á upptökum útbreiðslu örplasts frá landi. Rannsóknir hafa sýnt að hjólbardar bifreiða og vegryk eru helstu upptökin, en þar á eftir kemur gúmmíkurl frá gervigrasvöllum, málning, vefnaðarvara og litlar plastkúlur. Talið er mikilvægt að gera ráðstafanir til að draga úr útbreiðslu frá þessum upptökum og þann 20. desember 2016 setti Umhverfisstofnun Noregs, *Miljødirektoratet*, fram mat á mögulegum aðgerðum til að draga úr útbreiðslu örplasts.

Til þess að koma í veg fyrir útbreiðslu örplasts frá hjólbörðum bifreiða er meðal annars lagt til að auka hreinsun vega til þess að safna saman vegryki með örplasti og að kanna möguleikann á að hreinsa yfirborðsvatn frá vegum. Til þess að koma í veg fyrir útbreiðslu örplasts frá málningu er meðal annars lagt til að kanna möguleikann á að gera kröfu um söfnun og hreinsun sigvatns frá smábátahöfnum og að koma á tilraunaverkefni með umhverfisvænt viðhald báta til að draga úr notkun botnmálningar á frístundabáta. Einnig eru lagðar til aðgerðir í mati á aðgerðum sem tengjast losun örplasts frá frárennslis- og yfirborðshreinsun.

Í matinu á aðgerðum er líka bent á mikilvægi þess að meta hvort vörur sem stuðla að losun örplasts megi gera þannig úr garði að losun minnki. Hvað varðar hjólbarða bifreiða og málningu ber að veita og meta möguleikann á að skipta yfir í umhverfisvænni efni, til viðbótar við mat á því hvort auka megi endingu þessara vara. Best er talið að fylgja eftir slíkri vörubrúun á heimsvísu, en enn er óunnið starf við að meta hvernig og á hvaða vettvangi megi leysa þetta á sem bestan hátt.

Matið á aðgerðum sem hefur verið sett fram í Noregi er mikilvægt skref til þess að greina mögulegar aðgerðir og norsk stjórnvöld munu fljótlega taka afstöðu til þess hvernig skuli fylgja tillögunum eftir og hvað eigi að leggja áherslu á í framhaldinu. Eftirfylgni framkominna aðgerða mun einnig vera með í þingályktun sem á að leggja fram fyrir sumarið um stefnu í úrgangsmálum og hringrásarhagkerfi, þar sem örplast og mengun hafsins munu verða mikilvæg málefni.

Sænska ríkisstjórnin ákvað í ágúst 2015 að fela sænsku umhverfisverndarstofnuninni, *Naturvårdsverket*, að greina helstu upptök losunar örplasts í hafið í Svíþjóð og vinna að því að draga úr losun örplasts frá þessum upptökum. Upptök losunar sem ber að taka með í greiningunni eru samkvæmt verkefnalýsingu meðal annars umbúðafni, efnavörur, plastrefjar og vefnaðarvara, byggingarefni, plast í landbúnaði, hjólbarðar og gervigrasvellir. Til viðbótar við aðgerðir við upptök losunar, er hluti verkefnisins einnig að leggja til aðgerðir sem beinast að dreifingarleiðum örplasts. Verkefninu á að vera lokið fyrir 15. júní 2017.

Í stefnumótun Íslands um forvarnir gegn úrgangi er minnkun plastúrgangs mikilvægur þáttur. Fyrst er sjónum beint að notkun einnota plastpoka. Árið 2016 var lögð fram aðgerðaáætlun með bein markmið um minnkaða notkun innkaupapoka úr plasti. Aðgerðaáætlunin byggir á nánú samstarfi við Samtök verslunar og þjónustu á Íslandi. Næsta skref er að móta ítarlegri stefnu um minnkun plastúrgangs fyrir árið 2020. Hvað varðar hjólbarða bifreiða eru engar úttektir til um magnið né um útbreiðslu örplasts, en talið er að staðan sé svipuð og á hinum Norðurlöndunum. Hið sama á við um málningu.

Í Danmörku hafa farið fram tvö verkefni sem stuðla að kortlagningu þekkingar um útbreiðslu örplasts og skoðunar á mikilvægustu upptökunum. Þar að auki hefur, á vegum áætlunar um umhverfistækni og þróun (Miljøteknologisk Udviklings- og Demonstrations Program (MUDP)), verið veittur styrkur til fjögurra verkefna sem varða tækniþróun á sviði örplasts í skólpi.

Danski umhverfis- og matvælaráðherra sendi vorið 2016 fyrirspurn til framkvæmdastjóra ESB um umhverfismál með hvatningu um að innleiða bann við notkun örplasts í snyrtivörum.

Í Finnlandi eru í gangi margar rannsóknir um útbreiðslu örplasts í finnskum stöðuvötnum og í Eystrasalti. Finnsla umhverfisstofnunin (SYKE) mun í vor hefja verkefni sem á að kanna innihald örplasts í yfirborðsvatni. Fyrstu niðurstöðu er að vænta sumarið 2018. Háskólinn í Helsinki hefur í rannsókn kannað innihald örplasts í yfirborðsvatni og snjó. Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum er bent á jarðbik (bindiefni í malbiki) og vegamálningu sem upptök örplasts.

Aðgerðir til að draga úr losun örplasts frá þessum upptökum verða ákveðnar eftir að rannsóknarniðurstöðum hefur verið safnað saman. Finnsla umhverfisstofnunin mun samt strax í vor eiga frumkvæði að viðræðum við dekkjaframleiðendur. Umhverfismerkjanefndin að baki umhverfismerkinu Svaninum hefur rætt vandamál tengd málningu. Nefndin sér að það er

vandkvæðum bundið að gefa upp viðmið um eyðingu plastmálningar. Olíumálning er valkostur, en þannig málning hefur einnig þó nokkur umhverfis- og heilsuáhrif.

Á öllum Norðurlöndunum er nú verið að meta hvernig fylgja skuli eftir áskorunum tengdum örplasti á landsvísu. Um leið er þetta alþjóðlegt umhverfisvandamál og mikilvægt að fylgja málinu líka eftir í Evrópu og á heimsvísu. Noregur áformar að hafa mengun hafsins og örplast sem eitt af málefnum á dagskrá fundar norrænu umhverfisráðherranna 2. maí 2017 og að ræddar skuli mögulegar aðgerðir til að draga úr útbreiðslu örplasts.

Með bestu kveðju

Vidar Helgesen